

**100** var útbúinn þeim fylgiskjölum og úttektargjörðum, sem velsömdum sýsluvegareikningi ber að fylgja.

32. Amtsráðið ályktaði, að borga sem fundarhússleigu 30 kr. og fyrir skriptir á fundi sínum 6 kr.

Fleiri mál komu eigi til umræðu.

*J. Havsteen.*

*Sigurður Einarsson.*

*Jakob Gunnlögsson.*

Akureyri, 5. septbr. 1893.

*J. Havsteen.*

**102** **Amtsráðið í austuramtinu gjörir kunnugt:** Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda er hjermed staðfest og löggilt eptirfylgjandi

## Reglugjörð

um fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu, sem er samin af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðiu öðlast gildi 1. janúar 1894.

I. Um notkun afrjetta.

1. gr. Norður-Múlasýsla er eitt fjallskilafjelag. Hver hreppur er deild fyrir sig. Sýslunefndin hefur yfirstjórn alla fjallskila sýslunnar, en hreppsnefnd framkvæmd þeirra í hverjum hreppi.

2. gr. Það skal heita afrjettarland, er búsmala er eigi haldið í á sumrum. Skal í hverri sveit aðgreina afrjettarlönd og heimalönd, og ákveða takmörk á milli. Til þess skulu bændur kjósa 3 kunnuga hreppsmenn. Skulu þau takmörk gilda, er þeir ákveða. Rjett er að kjósa til þessa 3 menn í tveimur eða fleirum stöðum í víðlendum hreppum. Ef  $\frac{2}{3}$  hlutadeigandi búanda sveitarinnar eru óánægðir yfir úrskurði þessara þriggja manna, mega þeir skjóta máli sínu til hreppsnefndarinnar. Vilji hreppsnefndin enga breytingu gjöra, hafa þeir rjett til að skjóta því til sýslunefndarinnar, og skal úrskurður hennar vera fullnaðarúrskurður.

3. gr. Hver búandi er skyldur að reka geldfje sitt og lömb og þeirra, er hjá honum eiga fje, á einhverja sveitarufrjett, ef til er, ellegar í afrjett annara sveita, þar er hann getur fengið leyfi til. Sekt varðar, ef hann sleppir geldfje sínu eða lömbum í heimalandi í óleyfi náganna sinna.

4. gr. Nú getur fjáreigandi hvergi fengið afrjett, sem hann getur rek-ið fje sitt á, þá skal hann segja til hreppsnefnd og skora á hana, að útvega sjer afrjett. Skyldur er búandi að reka í afrjett, sem fæst, þó að meira sje en þingmannaleið til hennar, allt að  $1\frac{1}{2}$  þingmannaleið.

5. gr. Í hverri sveit skulu kosnir 3 menn, til að meta, hvað reka megi í afrjettarland hverrar jarðar í sveitinni. Skal hreppsnefndin sjá um, að þeir sjeu kosnir. Skulu þeir senda hreppsnefndinni skriflegan úrskurð sinn, og auglýsir hún hann afrjettarbændum. Varðar það sekt, ef þeir taka fleira í land sitt, en ákveðið er. Hagatollur skal vera 4 aurar fyrir hverja kind. Sje

til afrjett í sveitinni fram yfir það sem sveitarmenn þurfa, skal afrjettarbóndi **102** skyldur að ljá utanhreppsmönnum í sýslunni afrjett, með sömu kjörum og innanhreppsmönnum.

6. gr. Þegar fje rennur á sumrum úr afrjett í heimalönd, svo spillir málnytu og engjum búanda, mega þeir bera sig upp um það fyrir hreppsnefnd. Skal hún þá skora á nágranna, að safna fjenu saman ákveðna daga og reka á afrjett. Þetta skal gjöra á hálfsmánaðar fresti fram yfir túnaslátt, þar sem mikill ágangur er af afrjettarfje og 2 eða fleiri búendur kvarta um. Skyldir eru þeir, sem næst búa afrjett, að varna geldfje, það er þeir geta, að renna út um sveit.

7. gr. Hver afrjettarbóndi er skyldur að gefa hreppsnefnd skriflega skýrslu um það á hverju vori, hve margt fje hann hefur tekið á afrjett og af hverjum, svo og hve margra göngumanna hann eigi von í haustgöngur frá fjáreigengum. Varðar það sektum, ef hann vanrækir að gefa skýrsluna.

## II. Um fjármörk.

8. gr. Hver fjáreigandi skal hafa eyrnamark fyrir sig á fje sínu og brennimark, eða önnur skýlaus einkenni, ef hann vill og mark verður óglögg. Sama mark skal hann hafa á hestum sínum, ef hann vill marka. Mark sitt skal hann hafa svo skýrt, að auðþekkt sje. Enginn má hafa fleiri en 2 eyrnamörk. Hver hreppur skal hafa mark fyrir sig, til að marka ómerkinga, er eigi finnast mæður að í rjettum, eða ef hann á annað fje.

9. gr. Hver hreppsnefnd skal safna mörkum til nýrrar markaskrár 10. hvert ár, og skulu markaskrárnar síðan prentaðar á kostnað sýslusjóðsins. Skal þá hver sá, er eyrnamark á, brennimark eða einkenni á fje eða gripum, segja til þess og láta rita. Sýslunefndin kýs mann, til að búa markaskrána undir prentun, og skal honum greidd borgun úr sýslusjóði. Safna skal á sama hátt til viðauka við markaskrárnar, og láta prenta, er 5 ár eru liðin frá aðalprentun.

10. gr. Nú næst samt ekki mark einhvers eða einkenni, og skulu þá rjettarstjórar eða hreppsnefnd fara með fje hans á eptir, er til rjettar kemur, sem óskilafje, ef sannað verður, að hann hafi markið átt, eða upptekið, áður en safnað var til markaskrár, sem þá gildir, eða vanrækt skyldu sína eptir

11. gr. En leyfa má hreppsnefnd eiganda, ef hann kemur til, að kaupa út þetta fje sitt fyrir þóknun í sveitarsjóð, er hún ákveður, og riti þá mark hans.

11. gr. Þegar einhver tekur upp mark, eptir að safnað er mörkum til markaskrár og áður en til nýrrar er safnað, eða kemur með markið inn í sýsluna, þá skal hann þegar auglýsa það nefnd síns hrepps og öðrum hreppsnefndum sýslunnar, svo hið sama næstu hreppsnefndum næstu sýslna, og skulu þær sjá um, að slíkt mark verði innfært í markaskrá hvers rjettarbónda. Ef hann vanrækir það, fer sem segir í 10. gr. Nú ber það til, að mark verður rangprentað í markasrá, og skal eigandi þegar auglýsa það sinni hreppsnefnd og hinum öðrum nefndum sýslunnar. Nú sannast, að mark er misprentað og eigandi hefur ekki getað lagfært, eða að hreppsnefnd hefur vanrækt, að láta

**102** innfæra í rjettar markaskrár og er þá eigandi vítalaus. Um sammörk fjár-eigenda gildir það, sem ákveðið er í landsleigubálki Jónsbókar, 48. kapitula.

### III. Um fjallgöngur.

12. gr. Þrennar skulu vera löggöngur hvert haust. Skal byrja hina fyrstu í allri Norður-Múlasýslu mánudaginn í 22. viku sumars. Ef veður bannar göngu eða ónýtir á rjettum göngudögum, skal taka hinn næsta dag er veður leyfir. Ef hreppsnefnd þykir ástæða til, vegna iskyggilegs tíðarfars, fjármarkaða, eða annarra orsaka, getur hún skipað göngur fyr en ákveðið er og skulu sveitarmenn skyldir að hlýða því.

13. gr. Skipa mega hreppsnefndir eina eða tvær löggöngur hvert vor, þegar safna þarf geldfje til rýningar, og skulu oddvitar hreppsnefnda koma sjer fyrir fram saman um göngudaga, þar sem samgöngur fjár eru sveita á milli. Eins skulu oddvitar þeirra sveita, er afrjettarlönd eiga saman, koma sjer í tíma saman um gangna takmörk og tilhögun alla á fjallskilum og fjárrekstrum o. fl. milli sveitanna á hausti hverju.

14. gr. Hreppsnefnd skal kveðja menn með göngusedlum nógu snemma fyrir fram til hverra gangna, ákveða þar hverjir leggja skuli menn á hvert afrjettarsvæði og kjósa gangnaforingja eða fela það á hendur hverjum flokki gangnamanna. Þar skal og nefna til þá menn, er fara skulu úr göngunum í rjettir næstu sveita, til að sækja fje síns hrepps, og ber hreppsnefndinni að hafa samið við þá fyrir fram. Enginn má skorast undan gangnaforustu, nema hann sje löglega hindraður. Í sömu sedlum skal og ákveða göngudaga í heimalöndum og skulu þeir vera sömu daga, sem ganga byrjar á afrjett.

15. gr. Í hverjum fyrstu og öðrum göngum í afrjettum milli tveggja sveita, skulu þeir menn, 1 eða fleiri, er hreppsnefndir hafa ákveðið, skiptast á, þar sem göngur mætast, og fara með göngumönnum hinnar sveitarinnar á rjettir þeirra, taka þar á móti fje sinnar sveitar og reka heim. Rjett er hreppsnefnd, að veita þeim mönnum, er leggja til þessa sendimenn í aðrar sveitir, undanþágu frá næstu fjallgöngum, ef þeir óska.

16. gr. Skipa má hreppsnefnd aukagöngur, þegar hún álitur nauðsynlegt, eða aðalgöngur hafa misheppnast. Eru þá og þeir menn, er hún ákveður, skyldir að leggja menn í þær göngur.

### IV. Um skyldur búanda við fjallgöngur.

17. gr. Veita má hreppsnefnd bágstöddum einyrkjum og heilsulitlum undanþágu frá einum eða tveimur göngum.

18. gr. Nú hefur búandi engan göngufæran mann, og skal hann þá kaupa mann í göngur fyrir sig, eða vinna heimavinnu fyrir þann, sem ljær honum mann.

19. gr. Þar sem afrjettir eru víðlendar og hreppsnefnd þykir þurfa, skal á sveitar kostnað byggja göngukofa á hentugum stöðum, svo gangnamenn geti notið þar húsaskjól, þegar þarf, meðan á göngum stendur. Þeir kofar skulu vera svo rúmmiklir, að í þeim geti verið allir þeir menn, sem þá afrjett

þurfa að ganga. Skulu þrep vera umhverfis í þeim inni, eða með annarri hlið svo breið að menn geti legið á þversum og á þeim hafa hey eða lyng til mýkinda; svo skal ganga frá dyrum, að eigi fenni inn á vörum. Tópt skal byggja hjá gangnakofum, ef hreppsnefnd þykir þurfa, til að hýsa í um nótt kindur, sem finnast í seinni göngum, þá er göngumenn þrýtur dag í byggð.

20. gr. Enginn fjáreigandi, í hverri stöðu sem er, má skorast undan, að leggja menn í þær göngur, sem hjer eru ákvednar og hreppsnefndin nefnir menn til. Leggi hann eigi liðgengan mann í hverja af þeim, varðar það sektum fyrir hverja göngu, er hann lætur mann vanta í, nema hann hafi undanþágu fengið. Sekt skal það og varða, ef hann leggur ónýtan mann í löggöngu eða ljelegan mjög. Skal þar mestu ráða vottorð gönguforingja.

21. gr. Nú eiga einhverjir búendur fje á afrjettum annara hreppa, og verða að leggja þangað mann í göngur. Skulu þeir engu að síður skyldir til að hreinsa heimalönd sín og leggja menn í allar göngur í hrepp sínum, eptir því sem hreppsnefnd ákveður, nema þeir hafi ekki getað fengið afrjett í sínum hrepp og hafi fengið vottorð hreppsnefndar um það, eða þeir sanni, að sú afrjett sje of hlaðin.

#### V. Um gangnaforingja.

22. gr. Þeir, sem ganga eiga hverja afrjett eða hverja samgöngu, skulu koma saman á næsta bæ við hana, eða í göngukofa, ef hann er til, næsta dag fyrir göngudag. Þar skulu þeir kjósa sjer, ef hreppsnefnd hefir eigi áður kosið, gangnaforingja þann, sem vel er kunnugur afrjettinni og kenndur að ráðdeild og gætni.

23. gr. Þegar gangnaforingi er kosinn, skal hann skipta liði sínu og ákveða hvar hverjir skuli ganga, hversu langt og hvernig þeir skuli færa fjeð saman eptir landslagi. Hann ákveður og, hverjir gæta skuli fundins fjár og hverjir halda leitinni áfram. Enda eiga gangnamenn hans ráða að leita, et til hans nær, meðan á göngum stendur og nýrra úrræða þarf. Allir í samleit eru skyldir til að hlýða gangnaforingja, meðan á göngum stendur og bregða ekki út af, meðan fært er. Kæra má gangnaforingi liðsmenn sína, ef þeir hafa sýnt honum óhlýðni.

24. gr. Nú spillir veðri, eða göngur ónýtast fyrsta göngudag, og skal þá gönguforingi skipa nýja leit hinn næsta dag eða næstu daga, þá er veður leyfir, og eigi hverfa frá, fyr en svo er hreinsuð afrjettin, sem kostur er á að því sinni.

25. gr. Hver sem kosinn er gangnaforingi í fyrstu göngu, skal halda þeirri forustu í öllum göngum það haust í sinni leit, nema hreppsnefnd gjöri aðra ráðstöfun, kveðja samleitarmenn sína á milli gangna til hinna næstu, stýra einnig þeim göngum og vera rjettarstjóri, þar sem fje er dregið úr hans leitum, þegar hreppsnefnd kveður hann til. Nú ber það til, að gangnaforingi fatlast og getur eigi gegnt forustu sinni, skal hann þá fá annan til af sínum liðsmönnum, þann, sem hann álitur til færan og samleitarmenn láta sjer lynda, að ganga að sínum störtum í göngum og við rjett.

102 26. gr. Þegar gangnaforingi vanrækir svo skyldu sína, að mjög sýnist vítavert, mega liðsmenn hans kæra hann til sekta.

#### VI. Um rjettir og fjárdrátt.

27. gr. Lögrjettir skulu vera í hverjum hrepp, þar sem verið hafa, eða hreppsnefnd ákveður nú með ráði búanda. Þær rjettir skulu þeir hrepps-  
búar byggja og við halda, er nota þær helzt, og eru þeim næstir, eptir fyrir-  
mælum hreppsnefndar. Þegar lögrjett skal byggja eða bæta kveður hrepps-  
nefnd með seðli til þeirra starfa þá menn, sem þeirri rjett eiga uppi að halda  
og svo marga, sem menn ætla til þurfa. Rjettarbóndi skal stýra þeim verkum  
eða sá maður, er hreppsnefnd ákveður. — Dilka skal byggja hjá lögrjettum öll-  
um, þar sem hreppsnefnd þykir þurfa.

28. gr. Til sveitarrjettar skal allt fje rekast á haustum, þá er geng-  
ið er, á sama degi úr afrjettum og heimalöndum, er til hveurrar rjettar  
liggja, og draga það þar sundur eptir mörkum og einkennum, sem markaskrár  
og dráttarmenn segja til.

29. gr. Rjettarstjóri skal vera við hverja sveitarrjett, þá dregið er.  
Hann skal hreppsnefnd velja og setja. Til þess velur hún helzt gangnafor-  
ingja, eða annan valinkunnan mann, greindan og markglöggan. Svo skal og  
ætið einn af hreppsnefndarmönnum, eða valinn maður af þeim, vera við aðal-  
rjettir sveitarinnar á dráttögum, til að gæta nauðsynlegrar reglu með rjettar-  
stjóra og sjá um meðferð á fjenu.

30. gr. Rjettarstjóri skal segja fyrir, hvernig draga skuli, hvaða fje  
fyrst og eptir hvaða röð. Skal að öllum jafnaði draga fyrst utansveitarfje, sem  
menn eru viðstaddir að taka á móti. Að öðrum kosti skal það síðast draga.  
Rjettarstjóri eða hreppstjóri eða hreppsnefndarmaður, sem við rjettir er, skal  
hafa í höndum markaskrá sýslunnar og hinnar næstu sýslu, svo hið sama  
skriflegar marklýsingar, sem til hreppsnefndar hafa komið, og lætur rjettar-  
stjóri draga fje eptir þeim. Þegar allt hrepps fje og hinna næstu, sem menn  
eru við að taka á móti, er út dregið, svo úrtíningurinn er eptir, skal rjettar-  
stjóri fá til 2 eða fleiri gætna menn og markglögga og tína úr honum allt það  
fje, sem eigendur finnast að, og ráðstafar hann því í rekstra í þær áttir, er  
bezt á við. En það fje, sem enginn finnst eigandi að, afhendir hann hrepp-  
stjóra eða hreppsnefndarmanni, sem við rjettir er, að hann ráðstafi því. Allir  
dráttarmenn á sveitarrjettum eru skyldir að hlýða fyrir mælum rjettarstjóra um  
fjárdrátt; varðar sektum öll óhlýðni við hann, meðan hann hefir þetta erindi  
á hendi.

Hreppstjóra eða þeim, sem er á rjett til að gæta reglusemi á rjettar-  
ögum með rjettarstjóra, ber einnig að hlýða. Sekt varðar, ef óhlýðni er sýnd.

#### VII. Um óskilafje.

31. gr. Það er skylda hvers manns, sem finnur dilka ómarkaða á

sumrum og hann getur handsamað dilk og móður, að marka dilk móðurmarki á eyrum, eða hornum að minnsta kosti.

32. gr. Þegar fje kemur fram í haustrjettum, sem enginn maður veit hver á, markað eða ómarkað, þá skal rjettarstjóri skora á dráttarmenn að leita eptir mæðrum, sem helgi sjer ómerkinga. Nú verða þær eigi fundnar og skal þá rjettarstjóri láta marka þá sveitarmarki og lætur hann þá þegar auðkenna kindurnar með lagði eða lit, og skrifar nákvæma lýsingu marka og einkenna á þeim. Eptirrit af þeirri lýsingu skal hann þá þegar senda með fyrstu ferðum oddvitum hreppsnefnda í sínum hrepp og næstu hreppum; vel má og hreppsnefnd biða þess, að hún fái lýsingar af óskilafje saman af öllum sveitararrjettum og sendir hún þá eptirrit af þeim til oddvita í öllum hinum næstu hreppum. Sama ber henni að gjöra, ef óskilakindur koma fram í hreppnum eptir rjettir; þær skal afhenda henni til umsjónar.

33. gr. Þegar hreppsnefndarmaður eða hreppstjóri hefir tekið á móti óskilafje í rjettum, skal hann koma því niður til gæzlu, helzt hjá rjettarbændum; skulu þeir taka á móti því, en ekki ábyrgjast frammar en sitt.

34. gr. Þegar lýsing á óskilafje er komin til oddvita hreppsnefndar, skal hann auglýsa hana sem fyrst í hrepp sínum, með því að láta eptirrit af henni berast bæ frá bæ, eða á annan hátt, sem hreppsnefnd þar þykir bezt henta. Nú finnst eigandi þar að óskilakind, og auglýsir oddviti það hreppsnefnd þar, sem óskilakindin er, og gjörir ráðstöfun fyrir, að kindin verði sótt.

35. gr. Komi áfelli áður en óskilafje er selt, skulu þeir, sem fjed er hjá, annast það eptir föngum móti endurgjaldi. Allan kostnað til óskilafjár skal borga í bráð af sveitarsjóði, þegar hreppsnefnd hefir samþykkt hann, en eigandi endurborgi áður en fjed er afhent.

36. gr. Ef eigi spyrjast upp eigendur að óskilafje fyrir Marteinsmessu (11. nóv), skal hreppstjóri selja það með reglulegu uppboði eptir fyrir mælum hreppsnefndar. Eigi skal þó kaupandi marka sjer það fje fyrir nýár. Fram að þeim tíma er hann skyldur að láta það af hendi, ef eigandi kemur.

37. gr. Nú kemur eigandi óskilafjár eptir að það er selt og þó fyrir nýár, og má hann þá taka við kindum sínum, ef hann sannar að þær sjeu sín eign, en borgi fyrirhöfn, fóður og uppboð, nema öðruvísi semjist milli hans og kaupanda. Eptir nýár er enginn kaupandi skyldur að láta þær af hendi. Finnist eigandi eptir nýár, en fyrir fardaga, skal hreppsnefnd greiða honum verð kindar hans eða kinda, er seldar voru, að frá dregnum kostnaði. Eptir fardaga hverfur verð óskilafjár í sveitarsjóð. Nú ferst óskilakind fyrir nýár, og er ekki handhafa um að kenna, farist eiganda, ef upp spyrst, ella sveitarsjóði, er kind á.

#### VIII. Um rekstra.

38. gr. Þeir sem taka við rekstrum hjá haustrjettum, skulu reka þá þangað, sem rjettarstjóri mælir fyrir og eins og hann ákveður. Hann skal láta seðla um mark og eigendur fylgja kindum, ef mark þeirra er eigi í marka-

**102** skrá m sýslunnar og hann veit það af markseðlum. Hreppsnefnd skal ákveða rekstrarleið um hrepp sinn og í næstu hreppa. Ef ágreiningur verður um rekstrarleið milli hreppa, sker sýslunefnd úr.

39. gr. Enginn búandi skal láta fje annara manna vera saman við sitt fje lengur en hann fær eigi hjá kemizt, heldur skilja það úr og láta reka til næsta bæjar í þær áttir, sem eigendur eru. Sedil um mörk og eigendur skal hann láta fylgja þeim kindum, sem vafamörk eru á; viti hann eigi hver á, skal hann reka það fje til oddvita hreppsnefndar.

40. gr. Þegar rekstur kemur á bæ, skal búandi eða annar í hans stað rannsaka kindurnar og seðla, er fylgja, og taka úr, ef rangrekið er, og stefna í rjetta átt. Nú er enginn rekstrarfær maður heima, er rekstur kemur á bæ og skal þá rekstrarmaður skilja úr fje, sem eptir skal verða, en reki svo rekstur áfram til næsta rekstrarfærs manns, en heimti endurgjald af bónda. Það, sem áfram á að halda, skal reka tafarlaust til næsta bæjar, ef fjeð er hvorki þreytt nje hungrað; beita því og gefa hey, ef þarf, að öðrum kosti; þannig skal reka og fara með, þangað til hver eigandi fær sitt. Eina kind er eigi skylt að reka. Skal búandi geyma hana sem sitt fje og láta eiganda vita. Fari annar rekstur í sömu átt, skal hann koma kindinni í hann, ef þess er kostur.

41. gr. Það skal vera aðalregla um meðferð á rekstrum, að hver fari svo vel með þá, sem hann eigi, reki hvorki ofhart, meiði nje ofþreyti, svelti eigi, láti eigi standa inni í illum húsum, eða úti í fávíðrum. Lýsingarseðlum, sem rekstrum fylgja, má enginn týna; afhendi þá með rekstrum. Ef öðruvísi er farið með rekstra, varðar það sekt eptir málavöxtum.

42. gr. Enginn má sleppa rekstrum eða týna af þeim; varðar sektum ef upp kemst.

43. gr. Nú finnur einhver fje í afrjett eptir Marteinsmessu, án þess að hann hafi verið kvaddur af hreppsnefnd til að fara í eptirleit; skal hann þá hafa í fundarlaun  $\frac{1}{3}$  af virðingarverði lambs,  $\frac{1}{4}$  af verði veturgamallar kindar og dilkáa og  $\frac{1}{6}$  af verði eldri sauða. Skal verðið ákveðið eptir mati þriggja óvilhallra manna. Fyrir óheimt fje, sem finnst í heimalöndum eða búfjárhögum, skal engin fundarlaun greiða.

44. gr. Þegar áfelli dettur á milli gangna eða eptir göngur, svo að hýsa þurfi og gefa utansveitarfje, sem er í hreppnum, þá skal þar hirða, sem það er statt, þegar áfelli dettur á, nema hreppsnefnd skipi öðru vísi fyrir, þangað til kostur verður á, að koma því til eiganda. Borgun fyrir hjúkrun þess fjár má greiða þeim, er það taka, eptir sanngjörnum reikningi. Skal sá, er fjeð fóðrar og hirðir, eiga aðgang að hreppsnefndinni í sínum hrepp með borgun fyrir kostnað sinn. Hún skal aptur eiga aðgang að hreppsnefnd þess hrepps, er fjeð á heima í og skal hún láta fylgja reikningnum yfir kostnaðinn skrá yfir mörk á kindum þeim, er kostnaðinn leiddi af.

(Framh.).

## Reglugjörð

102

um fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu. (Framh.).

IX. Um hreinsun afrjetta og heimalanda frá dýrbít.

45. gr. Allir búendur, sem sauðfje eiga, eru skyldir að gjöra 3 grenjaleitir hvert vor í heimalöndum og afrjettum hverrar sveitar. Skal hreppsnefndin ákveða leitardaga hvert sinn nokkrum dögum fyrir fram með sedli, og hverjir búendur skuli leggja menn til leitar á afrjettir og ákveða leitarsvæði. Skal engu ráða um þessa kvöð, hverjir afrjettirnar nota. Rjett er hreppsnefndinni, að kveðja 2 menn til leitar frá þeim, sem flest fje eiga og liðflestir eru; enda er henni rjett, að veita nokkrum bágstöddum einvirkjum undanþágu frá sumum grenjaleitum í afrjett. Leitir í heimalöndum skal hún ákveða jafnframt. Þar má hún undantaka sum þau heimalönd, sem svo eru lítil, að heita má, að daglega sje um þau gengið, enda sjeu þar eigi grenjastöðvar og landið nái ekki til fjalls.

Refaleitardaga skal hreppsnefnd ákveða aðra í heimalöndum og aðra í afrjettum, nema hvort tveggja verði hæglega leitað sama dag. Þar sem afrjettir eru mjög víðlendar og langt í þær úr sveit, skulu að eins 2 leitir vera gjörðar vor hvert.

46. gr. Nú hlýðir búandi eigi fyrirmælum hreppsnefndar, að leggja mann í grenjaleit ákveðna daga, og varðar það sektum. Sekt varðar og, ef búandi leggur ónýtan mann í leit. Ræður um það álit leitarforingja, hversu nýtur sá var.

47. gr. Nú kemur upp dýrbítur eptir allar grenjaleitir og skipar þá hreppsnefnd nýjar leitir, ákveður tölu leitarmanna og hverjir leita skuli. Rjett er, að þeim, sem í þær leitir verða að fara um heyannir, sje unnið af öðrum hreppsmönnum, til að bæta þeim verktjón þeirra, eptir ráðstöfun hreppsnefndar.

48. gr. Grenjaleitarmenn á hverju afrjettarsvæði skulu kjósa sjer leitarforingja, nema hreppsnefndin hafi áður gjört það. Ber öllum í hverri leit að hlýða fyrirmælum leitarforingja.

49. gr. Hreppsnefndin skal útvega skotmenn nógu snemma hvert vor, einn eða fleiri á gren, sem finnast kynnu í heimalöndum eða afrjettum sveitarinnar, og hafa samið við þá fyrir fram hvert vor, og er maður skyldur að láta sig falan gegn sanngjarnri borgun, nema hann sanni lögleg forföll. Búandi, er gren finnst í landi hans, skal leggja til vökumann á gren með skotmanni. Nú hefur hann eigi nýtan mann til, og ákveður þá hreppsnefnd annan, eða búandi útvegar hann.

Nú er engan skotmann að fá í sveitinni; er þá hreppsnefnd heimilt að fá utansveitarmann til þess starfa. Gjalda skal ábúanda hæfilega þóknun fyrir að vitja skotmanns út úr sveitinni, en innansveitar skal hann skyldur til þess án endurgjalds. Skyldur er skotmaður, að fara á gren í næstu sveit fyrir

28. dag desembermán. 1893.

**102** sömu borgun og innsveitis, ef hann er eigi bundinn við að liggja á greni í sinni sveit og hefur eigi önnur lögleg forföll.

50. gr. Þegar gren er fundið, skal einn eða fleiri leitarmenn biða á því og gæta þess eptir fyrirsögn leitarforingja, ef til hans nær, þangað til skotmaður kemur. Sektum varðar, ef gren er yfirgefið fyrir, nema leitarformaður leyfi. — Eigi má skotmaður fara af greni fyrir en 3 sólarhringar eru liðnir, frá því er hann kom þar, nema hann hafi alunnið það, eða hreppsnefnd leyfir, nema veikindi eða önnur óumflýjanleg forföll neyði til. Skal þá vökumaður annast gren, þangað til skotmaður kemur aptur, að svo miklu leyti sem unnt er. Sektum varðar, ef frá er brugðið.

Um meðferð á grenjum skal fara, eins og hreppsnefnd segir fyrir með ráði skotmanns.

51. gr. Skotmaður skal fá 2 kr. fyrir fyrra dýrið, sem hann vinnur og 5 kr. fyrir hið síðara, og 50 aura fyrir hvern hvölp. Auk þess hefur skotmaður 3 kr. fyrir hvern sólarhring, sem hann liggur á greni, en fæða skal hann sig sjálfur. Sömu daglaun hefur vökumaður og fæði sig.

52. gr. Til að eyða refum skal og bera út eitur, eitrad kjöt, grotta, eða eitthvað annað, sem henta þykir á haustum og vetrum á afrjettir sveitarinnar og á fjöll, sem að henni liggja. Skal hreppsnefndin ákveða með ráði annarra búanda hentuga menn til að framkvæma það, og segja fyrir um staði og alla aðferð.

53. gr. Alla reikninga um kostnað til refaveiða á grenjum og við eitur-útburð skulu þeir, sem að því vinna og verja fje til, leggja fram fyrir hreppsnefndina hvert ár fyrir hausthreppamót. Skal nefndin yfirfara þessa reikninga og laga þá þar, sem þess þykir þurfa og samþykkja síðan. Allan kostnað til refaveiða skal borga af sveitarsjóði; en afrjettarbændur skulu vera skyldir að bera út eitur á sínar afrjettir borgunarlaust. Eitur og það, sem eitrad er, má borga þeim. Sama skal og gilda með eitur-útburð í heimalöndum. Öðrum, sem eigi ráða afrjettum, má greiða borgun fyrir eitur-útburð á afrjettir.

54. gr. Nú sýnir einhver maður í sýslunni dugnað í því, að eyða refum á annan hátt, en með eitri, svo sem með skotum, gildrum eða boga, skal þá borga úr sýslusjóði 6 kr. fyrir hvert dýr. Hækka má borgunina allt að 10 kr., ef sami maður vinnur fleiri en 10 tóur á sama ári á þennan hátt. En eigi fæst fjeð útborgað, nema hreppstjóra sje sýnt skinnið; sker hann þá mark í ilveginn og gefur síðan vottorð um.

55. gr. Hreppsnefndin skal safna skýrslum um öll gren í hreppnum. Skal þar talið nafn á öllum grenjum og í fáum orðum lýst landslagi umhverfis þau. Skýrsla þessi skal endurnýjuð 5. hvert ár. Svo skal og hreppsnefnd skylt, að láta hlada vörðu að haustlagi við öll gren. Sömuleiðis skal laga skemmd gren, sem auð-unnin eru, en ónýta gren þau, er illt er að vinna, ef það er eigi því meiri kostnaði bundið.

## X. Um tryppi.

102

56. gr. Heimilt er hverri hreppsnefnd, að láta hlutadeigandi hrepps-  
búa reka tryppi sín á afrijet, ef þurfa þykir, og skipa nákvæmar fyrir um það.  
Sektum varðar, ef brotið er gegn þeim ákvörðunum hreppsnefndar.

## XI. Um reikninga og sektir.

57. gr. Alla reikninga fyrir kostnað, sem um er talað í reglugjörð  
þessari, skal hlutadeigandi hreppsnefnd rannsaka og laga, ef þörf þykir og  
samþykkja síðan, áður en borgað sje eptir þeim. Tekur hreppsnefnd kvittun  
fyrir allt það, sem borgað er af sveitarsjóði.

58. gr. Öll afbrigði frá þeim reglum, er settar eru í lögum þessum,  
varða sektum eptir málavöxtum, hvort sem þær eru nefndar hjer að framan  
eða eigi. Sektir skal ákveða minnst 2 kr., mest 100 kr. Uppljóstrarmaður  
fær allt að helming sektarfjárins.

Með afbrot gegn reglugjörð þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

Amtsráð Austuramtsins, 22. dag ágústmán. 1893.

*J. Havsteen. Jakob Gunnlögsson. Sigurður Einarsson.*

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um breyting á fyrirkomulagi 103  
tollskrána með póstgufuskipunum.** — Með skírskotun til þóknans brjefs yðar, 15. sept.

herra landshöfðingi, dags. 1. f. m., læt jeg ekki hjá liða þjónustusamlega að  
tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að yfirstjórn skatta-  
málanna hefur tilkynnt, að hún með brjefi til yfirumsjónar tollmálanna í Kaup-  
mannahöfn hafi komið því til leiðar, að frá 1. nóv. næstkomandi að telja verði  
gefin út sjerstök tollskrá fyrir hvern viðkomustað hinna íslenzku póstgufu-  
skipa, í stað einnar sameiginlegrar tollskrár, sem hingað til hefur tíðkagt, og að  
í hverri tollskrá verði að eins taldar þær vörur, sem tollskyldar eru á Íslandi  
og þær sendingar, er ókunnugt er um, hvað sjeu, eða sem sendandi ekki vill leyfa  
rannsókn á, og að auk þessa verði að eins ritað á tollskrána almennt vottorð  
um, að hið annað sendigóss hafi eingöngu inni að halda vörur, sem eigi sjeu  
tollskyldar á Íslandi.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um verzlunarfulltrúagjöld.** — 104

Með skírskotun til tveggja auglýsinga frá utanríkisráðaneytinu, dags. 18. f. m.,  
sem prentaðar eru í A.-deild Stjórnartíðindanna nr. 6, og birta á Íslandi, lög 14.  
apríl 1893 um verzlunarfulltrúamál og þar til heyrandi auglýsing, er hvort-  
tveggja gildir fyrir Ísland, með því að hjer er um sameiginlegt ríkismálefni að  
ræða, skal jeg með tilliti til þess, að innheimtuákvæðin um gjöld þau, sem á-  
kveðin eru í 2. gr. nefndra laga eiga ekki við um skip, sem heima eiga á Ís-  
landi, þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í  
B-deild Stjórnartíðindanna, að jeg eptir samráði við utanríkisráðaneytið hefi  
ákveðið, að innheimta tjeðra gjalda á Íslandi skuli framkvæmd af lögreglustjór-  
unum eptir reglum, er yður, herra landshöfðingi, veitist heimild til að setja,  
þannig, að gjaldið sje til bráðabirgða greitt í landsjóð, en úr honum sje það  
aptur greitt til aðalfjehirzlu.